

Ed.

633. Frumvarp

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

36. gr. og fyrri málsg. 37. greinar sveitarstjórnarlaganna orðist svo :

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti, sem aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldum, jafna niður eftir efnum og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar; þá skal frá ársútsvarinu draga tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun, kaupskapur, þilbátaútgerð eða bátfiski, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 4 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar. Einnig má leggja útsvar á hvalveiði, sildveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðaafnot, áhúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðanot af jörð, svo sem slægjuafnot, þótt engin áhúð fylgi, og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Útsvör þessi skulu vera hæfileg eftir tíma-

lengd og í samanburði við innsveitarmenn, og skal formaður hafa greitt útsvar fyrir skip sitt áður en hann fer brott. Ekki er heimilt að leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppi í sama sýslufjelagi eða við sama fjörð eða flóa, sem útræðið er í, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfjelagi þeirra.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabryf og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

2. gr.

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 33, 2. nóv. 1914, og lög nr. 48, 3. nóv. 1915.